

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, miðvikudaginn 19. júní klukkan 20:00.

Mættir eru: Einar, Þorsteinn, Edda Kamila, Kristlaug, Óskar og Þorgerður.

Boðuð forföll: Sigurður, Guðrún, Svanbjört

Fundur númer 724.

1. Fundur settur
Óskar setti fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð skoðast samþykkt.
3. Innsend bréf
 - Bréf frá ÍSí þar sem sagt er frá samningi sem gerður var á milli ÍSí og Flugfélag Íslands þar sem að fram kemur að ÍSí fær lækkun á flugfargjöldum.
 - Greiðslur frá Íslenskum getraunum til héraðssambanda vegna sölu 2012
 - Bréf frá Fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ. Þar er UMSE formlega tilkynnt um 200.000.- kr styrk sem að UMSE hlaut.
 - Bréf frá UMFÍ - greinagerðar vegna starfsmanna aðildarféлага og starfshlutfall þeirra.
 - Samþykktir frá 71. Íþróttabings ÍSí sem haldið var dagana 19. – 20. apríl síðastliðinn.
4. Styrkveitingar
 - Golfklúbburinn Hamar sækir um styrk vegna keppnisferðar til Finnlands í júní. Samþykkt að veita þeim styrk sem að ekki hafa áður hlotið styrk á árinu um 15.000.- per einstakling.
 - Umf. Samherjar sækir um styrk vegna æfingarferðar sundeildar til Spánar í ágúst. Samþykkt að veita þeim sem að fara styrk vegna ferðarinnar að upphæð 15.000.- per einstakling.
5. Landsmót UMFÍ
Það er helst til færri keppendur en vonast var til.
6. Unglingalandsmót
Hefja þarf undirbúning vegna mótsins.
7. Stefnumótun
Þorsteinn lagði fram þá vinnu sem hann mun taka fyrir í sumar og tímarammann sem að liggur fyrir þessari vinnu. Setja á inn á SkyDrive einhverskonar dagskrá þar sem allir geti fylgst með.
8. Samningur við Landflutninga
Ýmsar athugasemdir komu vegna samningsins, Óskar ætlar að fara yfir drögin, laga þar sem að athugasemdirnar eru og senda til baka á Samskip.
9. Þorvaldsdalsskokkið
Verður haldið í 20. skipti. Ekki verður hægt að hafa gönguna í ár. Sportferðir hafa áhuga á að markaðsetja Þorvaldsdalsskokkið. Verið er að tala við Björgunarsveitina út á Árskógssandi um að manna stöðvar inn á dal og vera til staðar ef að eitthvað kemur upp á.
10. Felix – skil
Skilin eru býsna góð.

11. Önnur mál

- Edda Kamilla kom með að það væri sniðugt að vera með staðlað umsóknarblað fyrir Landsmótssjóð 2009 – væri jafnvel einnig hægt að nota þetta umsóknarblað fyrir Afreksmannasjóð, þannig að það væri hakað í viðeigandi reit eftir því í hvaða sjóð verið væri að sækja styrkinn til. Stefnt að því að vera búin að gera staðlað umsóknarblað vegna styrkumsókna fyrir september nk.

12. Tilhögun næsta fundar

Næsti fundir þriðjudaginn 16. júlí kl 17.
Subway sér um veitingar.

13. Fundarslit

Fundi slitið 21:45

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður